

Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 SAUÐÁRKRÓKUR

Garðabær, 30. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0018
BK

Efni: Neðri-Ás 2 í Hjaltadal – Nýtt deiliskipulag

Vísað er í tölvubréf frá Skagafirði sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 10. júlí 2024 þar sem er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Neðri-Ás 2 í Hjaltadal, land 3 og 4.

Deiliskipulagstillagan er í samræmi við aðalskipulag Skagafjarðar 2020-2035 þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð með allt að 50 húsum á svæðinu (F-8). Deiliskipulagið felur í sér 17 frístundalóðir, eina lóð fyrir baðhús og eina fyrir tækjaskemmu.

Skipulagssvæðið er hluti af jörðinni Neðri-Ás 2 og er um 8,5 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Byggingar eru þegar til staðar á norðanverðu skipulagssvæðinu og sunnan til eru byggingarreitir fyrirhugaðir á landi sem ber nokkur merki rasks og liggur nálægt fyrirbyggjandi vegi og slóða. Hins vegar skal bent skal á að ónefnd tjörn á vesturhluta svæðisins nýtur sérstakrar verndar skv. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (<https://serstokvernd.ni.is/>) en hún gildir m.a. um stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að flatarmáli eða stærri. Á loftmynd má sjá að þó nokkuð votlendi er austur og suður af tjörninni og skv. vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar (<https://vistgerdakort.ni.is/>) er það flokkað sem starungsmýravist og brokflóavist en báðar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi.

Þá má einnig reikna með töluverðu fuglalífi á og í grennd við tjörnina.

Við framkvæmdir ætti því að forðast rask á votlendi sem og truflun og rask á búsvæðum fugla á varptíma.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar